

Uppgjör Kögunar ehf. fyrir tímabilið janúar til júní 2007.

EBITDA samstæðunnar er 535 mkr eða 12,4%.

Stjórn Kögunar ehf. (ICEX: KOGN) samþykkti á fundi þann 30. júlí ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2007. Reikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, Skýrr ehf., EJS ehf og Eskil ehf.

Helstu atriði:

- Rekstrartekjur jukust um 1.077 mkr. eða 33% frá sama tímabili 2006. EJS hf. bætist við samstæðuna þann 1. mars 2006.
- EBITDA af áframhaldandi starfsemi er 535 mkr. eykst um 22% frá sama tímabili í fyrra.
- Framlegð jókst um 112 mkr eða 12% frá sama tímabili árið 2006 og var nokkuð umfram áætlanir.
- Hagnaður nýrrar samstæðu fyrir skatta er 1.080 mkr, hagnaður eftir skatta er 876 mkr.
- Í ofangreindum samanburði hefur verið tekið tillit til aflagðrar starfsemi í kjölfar breytinga á samstæðu Kögunar í árslok 2006.

Kögunarsamstæðan	Jan. – jún.	Jan. –jún.	
Upphæðir í milljónum kr.	2007	2006	<u>% breyting</u>
Rekstrartekjur.....	4.377	3.300	33%
EBITDA af áframhaldandi starfsemi	535	437	22%
Hagnaður /(tap) fyrir skatta og fjm.liði (EBIT) ...	338	318	6%
Hagnaður /(tap) fyrir skatta	1.080	-594	-/-
Hagnaður / (tap) af aflagðri starfsemi.....	0	95	-/-
Hagnaður / (tap) tímabilsins	876	-394	-/-

Um uppgjörið:

Rekstur Kögunarsamstæðunnar á fyrri hluta ársins 2007 hefur gengið vel og er afkoma allra fyrirtækja innan samstæðunnar yfir áætlunum. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þeirri þjónustu sem samstæðan veitir ásamt því að gengið hefur verið frá nokkrum stórum samningum á fyrri hluta ársins. Vel hefur gengið að vinna úr þeim verkefnum sem sköpuðust í kjölfar brotthvarfs hersins og breytinga á samstæðunni á síðasta ári og má þakka það afburða teymi stjórnenda sem allir hafa lagst á eitt við lausn þessara verkefna.

Stjórnendur Kögunar ehf eru mjög ánægðir með uppgjörið og bjartsýnir á að rekstur samstæðunnar verði í samræmi við áætlanir það sem eftir lifir árs.

Rekstur dótturfélaga

Samstæða Kögunar hf. samanstendur í dag af fjórum félögum þ.e. Kögun ehf., Skýrr ehf., EJS, ehf, og Eskli ehf. Félagaformi allra félaga hefur verið breytt úr hlutafélagaformi í einkahlutafélög í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Á síðasta ári, og það sem af er liðið árinu 2007, hafa þær breytingar orðið helstar að Verk- og kerfisfræðistofan hf. og Kögurnes hf. hafa sameinast Kögun ehf. Skýrr ehf og Teymi ehf sameinuðust á síðasta ári. EJS ehf. færðist úr því að vera dótturfélag Skýrr ehf yfir í dótturfélag Kögunar ehf og Eskill ehf færðist úr því að vera dótturfélag EJS ehf. yfir í að vera dótturfélag Kögunar ehf. Með þessum breytingum, og tilfærslum ákveðinna verkefna, hefur verið skerpt á áherslum einstakra félaga innan samstæðunnar og samlegð í rekstri og verkefnavinnslu aukin til muna. Kögun ehf. er hluti af samstæðu Teymis hf. sem er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX:TEYMI).

FJÁRHAGSYFIRLIT

Rekstrarreikningur Kögúnarsamstæðunnar er birtur með sömu framsetningu og í árslok 2006. Einungis er birtur samanburður við fyrri árs helming 2006 og er það gert í samráði við Kauphöll Íslands. Ítarlega hefur verið gerð grein fyrir rekstri fyrri ára í bæði árs- og milliuppgjörum og er því vísað í eldri fréttatilkynningar Kögunar hf. sem birtar hafa verið í fréttakerfi Kauphallar Íslands í því sambandi.

Niðurstöður janúar – júní 2007

Rekstrarreikningur janúar - júní 2007

	jan - júní 2007	jan - júní 2006
Áframhaldandi rekstur		
Sala	4.328.651	3.299.971
Kostnaðaverð seldra vara	(3.308.572)	(2.391.663)
Framlegð	<u>1.020.079</u>	<u>908.308</u>
Aðrar tekjur	48.240	0
Sölu- og markaðskostnaður	(213.261)	(126.943)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(516.637)	(463.335)
Rekstrarafkoma (EBIT)	<u>338.421</u>	<u>318.030</u>
Fjármagnstekjur	1.169.672	236.152
Fjármagnsgjöld	(427.669)	(1.147.893)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>742.003</u>	<u>(911.741)</u>
Hagnaður fyrir skatta	1.080.424	(593.711)
Tekjuskattur	(204.451)	105.407
Hagnaður (tap) af áframhaldandi rekstri	<u>875.973</u>	<u>(488.304)</u>
Aflögð starfsemi		
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	0	94.665
Tap ársins	<u>875.973</u>	<u>(393.639)</u>
Hagnaður (tap) ársins skiptist þannig		
Hluthafar móðurfélags	875.973	(367.440)
Minnihluti	0	(26.199)
Hagnaður (tap) ársins	<u>875.973</u>	<u>(393.639)</u>
EBITDA	534.624	436.943
Hagnaður á hlut		
Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár	4,79	(2,05)
Hagnaður á hlut af áframhaldandi rekstri		
Hagnaður (tap) á hverja krónu hlutafjár	4,79	(2,55)

Niðurstöður janúar – júní 2007 frh.

Efnahagsreikningur 30.06.2007

	30.6.2007	31.12.2006
Eignir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	449.696	467.736
Óefnislegar eignir	8.234.041	8.338.969
Eignarhlutir í öðrum félögum	33.739	33.984
Langtímakröfur	4.314.154	7.419.774
Tekjuskattssinneign		37.693
Fastafjármunir	13.031.630	16.298.156
Vörubirgðir og verk í vinnslu	344.890	245.792
Skammtímakröfur	2.665.445	2.932.882
Handbært fé	681.056	377.935
Veltufjármunir	3.691.391	3.556.609
Eignir samtals	16.723.021	19.854.765
Eigið fé:		
Hlutfé	183.000	183.000
Yfirverðsreikningur	2.248.951	2.248.951
Lögbundinn varasjóður	45.750	45.750
Óráðstafað eigið fé	874.163	0
Eigið fé samtals	3.351.864	2.477.701
Skuldir:		
Vaxtaberandi langtímaskuldir	11.608.099	14.618.927
Tekjuskattsskuldbinding	97.030	0
Langtímaskuldir	11.705.129	14.618.927
Næsta árs afborgun langtímalána og skammtímalán	161.916	215.624
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.504.112	2.542.513
	1.666.028	2.758.137
Skuldir samtals	13.371.157	17.377.064
Eigið fé og skuldir samtals	16.723.021	19.854.765

Framtíðarhorfur

Eins og fram hefur komið að ofan þá hefur samstæða Kögunar ehf. breyst umtalsvert á síðustu mánuðum. Kögun ehf. er nú hluti af Teymi hf. sem er öflugasta fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtæki landsins. Hlutverk Kögunar í þeirri samstæðu er að vaxa markvisst á innanlandsmarkaði og styrkja enn frekar stöðu sína og dótturfélaga sem leiðandi fyrirtækja á upplýsingatæknimarkaði. Heildarfjöldi starfsmanna innan samstæðu Kögunar ehf. var um síðustu áramót liðlega 500 manns og hefur fjöldi starfsmanna vaxið nokkuð á síðustu mánuðum. Verkefnastaða allra félaganna er góð og árið fer vel af stað.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

Bjarni Birgisson, forstjóri	sími	898-2006
Jóhann Þór Jónsson, fjármálastjóri	sími	861-7221